

6.

Síra Ólafur Ólafsson
fyrv. Frikirkjuprestur.
Dýraverndarinn, XXIV. árg. bls. 1 - 3.



XXIV. ár.

Reykjavík, febr. 1938.

1. tbl.

Síra Ólafur Ólafsson

fyrv. fríkirkjuprestur.

„Hér er fallin hetja' í valinn,
hraustur kappi' í Ísrael;
patriark að aldri talinn,
entist líf hans furðu vel“ ..

Upphafsorð þessi, í eftirmælaljóðum séra Valdimars Briem, um séra Guðm. sál. Torfastöðum (d. 1879), koma mér í hug, þá er ég heyrði lát hins mæta vinar míns og samverkamanns, séra Ólafs Ólafssonar Fríkirkjuprests, getið í útvarpinu, daginn sem hann andaðist, 25. nóv. f. á.

Sökum þess, hversu leiðir okkar lágu lengi saman og þess, hversu mikla þakkarskuld ég tel mig eiga þessum ágætismanni að gjalda, er mér bæði ljúft og skylt að minnast hans látins með nokkrum orðum, þótt ég viti, að það hafi verið gjört og verði gjört miklu betur og ítarlegar af mörgum öðrum en mér er unt.

Þótt mest bæri á hinni áhrifamiklu og alkunnu starfsemi séra Ólafs fyrir málefnum kirkju og kristindóms þessa lands, á hinni löngu prestskaparæfi hans, þá vann hann ótrauður og öruggur að fjöl-

mörgum öðrum gagnsemdar- og mannúðarstörfum í þágu lands síns og þjóðar, mönnum og málefnum til ómetanlegs gagns og gæfu, ávalt og alstaðar sem sannkölluð hetja, hraustur kappi og drengur hinn bezt. Hetjulund hans og höfðingsbragur á öllum hans störfum, utan kirkju sem innan, var svo áberandi og einarðleg, andagiftin og mælskan svo magnþrúngin sannfæringarkrafti, að hver sá, er á hann hlýddi, hlaut að dást að dásamlegum ræðuflutningi hans, og festa sér orð hans í minni. Þóttust menn þar kenna og sjá í anda Jón biskup Vídalín endurborinn og verður þá eigi betur lýst ræðusnild séra Ólafs og rökfimi hans, enda var hann talinn einn hinn mesti ræðuskörungur, er uppi hefði verið á landi hér um langt skeið. Séra Ólafur var laus við alla hálfvelgju og hringlandaskap, og þótt hann þætti einarðlegur og jafnvel óvæginn á stundum, var hann viðkvæmur í lund og hafði



hjartanlega samúð með sérhverjum þeim, er um sárt átti að binda. Huggunar- og hughreystingarorð hans til hinna syrgjandi ekkna og

munaðarlausra barna, voru svo ástrík og einlæg, að hjartasorgir þeirra og hugarangur hurfu sem ský fyrir sólu. Trúarvissan og hin glaða von, græddi sorgarsárin oft ótrúlega fljótt, og séra Ólafur varð oft að standa í sporum þeirra manna, er sárast áttu um að binda, þá er dauði, slys og hörmungar dundu yfir land vort og þjóð. Varð honum þá aldrei ráðafátt um heppilegar og skjótar framkvæmdir beztu úrlausna sem á varð kosið. Þarf eigi í þessum efn-um annað en að benda á hina viðtæku viðreisnarstarfsemi hans og hollu framkvæmdir á jarðskjálfta-svæðinu 1896, ræður hans 20. apríl og 12. maí 1906, í tilefni hinna átakamiklu sjóslysa það ár og mörg-um sinnum oftar.

Í *stjórnmalastarfsemi* sinni, um og eftir síðustu aldamót, beitti séra Ólafur oft og örugglega hinum beitta brandi mælsku sinnar og meginreglu: Sannleiks og siðugs málflutnings, hver sem í hlut átti, án allra undirhyggjubragða eða bráðabirgða-úrlausna fyrir sig eða sinn málstað; hann var heill og óskiftur að hverju sem hann gekk og hafði jafnan það eitt fyrir augum, er hann hugði að bezta og mesta blessun mætti af leiða fyrir menn og málefni.

Meðan séra Ólafur var prestur að Arnarbæli og ávalt síðan, var hann hinn ótrauðasti málsvari *bindindismálsins* austur þar og einnig hér í bæ, bæði á Alþingi og utan þess. Má mér og öðrum reka minni til þess, hversu skjótur hann var til viðbragðs, oft og einatt í vondu veðri og illri færð, jafnvel þótt Ölvesá væri lítt fær öðrum en fuglinum fljúgandi, sökum ísskriðs, opinna vaka eða veikra ísa. Kom hann þá oft til liðs við oss, er mest á lá og liðveizla hans brást aldrei: Úrslitasigur í sérhverju góðu málefni varð þá jafnan hlutskifti vort. Mér er enn í minni ræða sú, er séra Ólafur flutti í Goodtemplarahúsinu á Eyrarbakka, sumarið 1902, þá er ég kvaddi í síðasta sinn hina mörgu vini mína, börnin í skólanum og barnastúkunum, að lokinni 16 ára samveru minni við þau, sem mér verður jafnan ógleymanleg. Séra Ólafur hafði einnig sótt samkomur vorar í þeim félagsskap og margt fallett orðið flutt fyrir þeim og öðrum, er þar voru staddir.

Hvar sem séra Ólafur kom og lét til sín heyra, mátti um hann segja, að erindi hans loknu: „Hann kom og sá og sigraði“ með lipurð sinni og lifandi fjöri; hjartanleg alúð hans og hispursleysi heillaði hugi allra svo, eldri sem yngri, að þeir hrifust

með honum og fylltust eldmóði þeim, er hann sjálfur var gæddur í svo ríkulegum mæli.

Þessa hins sama gætti og einnig hér í málefni-um Sjúkrasamlags Reykjavíkur, er stofnað var 12. sept. 1909 og starfaði hér um 27 ára skeið, unzt ný lög voru samin í því efni og samlaginu breytt á þá lund, sem nú er orðin. Sjúkrasamlagið eldra kjöri séra Ólaf heidursfélaga sinn. Þótt hann að verðugu hlyti mörg heidurs- og virðingarmérki fyrir vel unnin störf í þágu lands og þjóðar um æfina, mat hann þennan viðurkenningar- og vináttuvott eigi hvað minst verðan fyrir sig og þótti vænt um hann. Séra Ólafur hafði áreiðanlega næmari og réttari skilning á starfsemi Sjúkrasamlagsins og þýðingu þess, fyrir alda og óborna íbúa þessa bæjar og landsmanna allra, en margir aðrir, sem þó hefðu átt að láta það mál sig eigi minna skifta en hann, sem engra hlunninda naut í því. En þannig voru öll afskifti hans af opinberum málum, að hann leit einvörðungu á hag almennings, en ekki á sinn eigin. Séra Ólafur var tíður gestur á aðalfundum Sjúkrasamlags Reykjavíkur og flutti þar marga kjarnyrta ræðuna til hvatningar og uppörvunar þeim, er enn eigi höfðu skilið þýðingu þessarar nýjungar og nauðsynlegu stofnunar fyrir sig og fjölda annara manna. Hann lét og birta fjölda góðra greina og ritgjörða um samlagið í blöðum bæjarins.

Þá er loks að minnast hinnar miklu og góðu starfsemi séra Ólafs fyrir málleysingjana minstu og mörgu — *dýrin*, sem hann lét sér mjög ant um að vernda og verja fyrir vansæmandi og heimskulegri meðferð mannanna á þeim. Þau áttu þar eigi einungis einlægan vin og velunnara sem hann var, heldur og mætan málsvara, sem enga dul vildi á það leggja, hversu illa oft og einatt farið væri með dýrin, og þá einkum hestinn, „þarfasta þjóninn“. Hinn 3. ágúst 1890 flutti séra Ólafur hinn fyrsta opinbera fyrirlestur sinn um dýraverndun að Árbæ í Holtum og fanst mönnum svo mjög um hann, að hinn góðkunni bókaútgefandi Sigurður Kristjánsson gaf fyrirlesturinn út ári síðar, á sinn kostnað og nefndi hann: „Hvernig er farið með þarfasta þjóninn?“ Er þetta svo megingóð og merkileg ritgjörð, að hin mesta þörf væri á, að hún væri endurprentuð og henni útbýtt ókeypis meðal sem flestra landsmanna. Öllum þeim, sem eitt-hvað hafa saman við dýrin að selda, væri holt að lesa ritgjörð þessa og þá eigi sízt börnum og

unglingum, sem fátt og lítið kunna í þeim fræðum, þótt þörf séu, og jafnvel þarfari en ýmislegt það, sem í þau er verið að troða í skólunum og þeim að litlu eða engu gagni kemur.

Eins og áður er að vikið, var séra Ólafur viðkvæmur í lund og góðmenni hið mesta, sem fann sárt til með öllum þeim, mönnum og málleysingjum, sem bágt áttu, og hann vildi bæta úr böli þeirra á alla lund. Það var því eigi að undra, þótt hann tæki málstað *dýranna*, enda var hann kjörinn í stjórn Dýraverndunarfélags Íslands, ýmist sem formaður þess eða varaformaður um langt skeið. Má óhætt fullyrða, að, þótt hann væri mjög önnur hlaðinn, þá léti hann einnig mjög til sín taka um hollar og raunverulegar ráðstafanir í því félagi, sem stuðluðu að bættri meðferð dýranna, meiri skilningi manna á kjörum þeirra og betri aðbúð. Honum mundu þau nú þakkir tjá og blessa minningu hans fyrir margt gott og vel unnið starf í þeirra þágu, margt þarflegt orð hans mælt í þeirra garð, ef þau mætti mæla.

Það væri e. t. v. eigi úrhættis eða óviðeigandi, að taka upp nokkur atriði úr málsvörnum séra Ólafs fyrir dýrin, en til þess er hvorki tími né rúm að þessu sinni. Orð hans um þau efni, sem mörg önnur, verða jafnan sönn og sígild talin, og munu halda minningu hans og heiðri uppi um aldur og æfi, miklu betur en nokkur orð frá mér fá gjört.

Eg get eigi skilizt svo við þessi fáu og ófullkomnu minningarorð mín um séra Ólaf Ólafsson, sem ætlað var rúm á öðrum stað og birtast áttu miklu fyr en nú, að ég ekki minnst margra ára samvinnu minnar og samstarfs við hann um nærri 40 ára skeið og þó einkum í sambandi við prestsþjónustu hans hér í Fríkirkjusöfnuðinum. Við fluttumst hingað báðir um líkt leyti og atvikin höguðu því svo, að ég komst í nána samvinnu við hann um margra ára skeið. Minnst ég þess jafnan síðan, hversu ræður hans í kirkjunni og við húskveðjur látinna manna, voru þrungnar af andagift og öruggri sannfæringu um sígild sannindi trúar vorrar, sigur hins góða og samfélag við látna vini, um eilífa framþróun og fullkomnun á leið *allra* manna til hins eilífa ljóss og lífs að vegferð vorri lokinni hér í heimi.

Séra Ólafur lifði í ástríku hjónabandi með hinni ágætu konu sinni, frú Guðríði Guðmundsdóttur prófasts Johnsens frá Arnarbæli, bróðurdóttur frú Ingi-

bjargar, konu Jóns Sigurðssonar forseta. Eignuðust þau tvo sonu og andaðist annar þeirra á bernsku-skeiði, en hinn var Guðmundur sál. Ólafsson hæstaréttarmálaflutningsmaður, er andaðist fyrir fám árum, mesti ágætismaður. Urðu þeir báðir foreldrum sínum harmdauði mikill og mun fráfall Guðmundar, nú á elliárum séra Ólafs. hafa orðið honum þyngri raun og þeim hjónum báðum, en þau fengi afborið og söknuðurinn meiri og sárari en þau létu þó á sér sjá.

Nú á síðari árum heimsóttum við séra Ólafur svo að segja daglega hvor annan eða töluðum saman í síma og var þá margs að minnast frá fyrri árum og um daglega viðburði, því hann fylgdist með því öllu með miklum áhuga fram til hins síðasta, en þegar þau viðtöl féllu niður, síðustu vikuna sem hann lifði, sá ég að nú mundu þau með öllu þögnuð og sú leið eigi lengur fær til þess fyrir mig, að hafa tal af honum. Eg heimsótti hann því í síðasta sinni þrem dögum áður en hann andaðist og m. a. sem hann sagði við mig, var þetta: „... Eg þakka þér fyrir samveruna, Jón minn; þetta er nú brátt á enda fyrir mér. Eg er sáttur við guð og menn og þrái nú það eitt, að *komast heim*. Það fer nú líklega svo, að ég verði að skilja við minn góða og trúna förunaut, en vona að hans verði ekki langt að bíða. — Það gleður mig nú, að ég fæ bráðum að hitta *drengina mína*“ —

Með fráfalli séra Ólafs Ólafssonar er áreiðanlega í valinn fallin „hetja og hraustur kappi“, einn meðal hinna beztu og mestu, er þjóð vor hefir átt, sem „fyrir blóð lambsins blíða, búinn er nú að stríða, og sælan sigur vann.“

Blessuð sé minning hans!

Jón Pálsson.



Sökum rúmleysis

í blaðinu verða minningarorð um Daníel Daníelsson að bíða næsta blaðs (mars-blaðsins).